

# MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

## VORÖNN 2012

### ENSKA 502 – 3. bekkur félagsfræðideildar

KENNARI: Ágústa Stefánsdóttir (3.I), [agustast@ma.is](mailto:agustast@ma.is)

Ghasoub Abed (3.F), [ghasoub@ma.is](mailto:ghasoub@ma.is)

Hildur Hauksdóttir (3.G og 3.H), [hildur@ma.is](mailto:hildur@ma.is)

## Áfangalýsing

Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu, en sérstaklega á talmál og hæfni til að tjá eigin skoðanir á ensku. Einnig verður lögð áhersla á ritun og túlkun bókmenntaverka. Þannig er gert ráð fyrir að nemendur hafi á valdi sínu helstu málfræði- og ritunarreglur í ensku og geti skrifað svo til hnökralausan texta. Í þessu samhengi verður lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að skrifa skipulegan og rökrænan texta sem skiptist í inngang, meginmál og lokaorð. Skáldsaga sem fjallar um félagsleg, siðfræðileg og söguleg málefni verður lesin. Eftir föngum verður einnig horft á kvikmyndir / sjónvarpsþætti frá enskumælandi löndum. Textar, málfarsæfingar, hlustun og talæfingar verða í samhengi við þemu hvers tíma til að nemendur öðlist virkari og betri orðaforða.

## Markmið

- Nemandi geti lesið milli línanna og áttað sig á dýpri merkingu orða þegar fjallað er um efni sem hann hefur kynnt sér.
- Nemandi geti hlustað á og skilið raunefni, t.d. kvikmyndir, fyrirlestra og fréttatengt efni.
- Nemandi geti tjáð sig munnlega og rökrætt um sérhæft efni.
- Nemandi geti túlkað ljóð og gert skýra grein fyrir túlkunum sínum á skipulagðan og áheyrilegan hátt.
- Nemandi geti skrifað svo til hnökralausan texta á skipulegan og rökrænan hátt.
- Nemandi sé fær um að vinna að hópverkefnum.

## Námsefni

*CAE Result*, Karen Ludlow

*To Kill a Mockingbird*, Harper Lee

Annað ítarefni frá kennara m.a. á moodle.

## Kennsluhættir

**Textabók:** Kaflar 8-12 í *CAE Result* verða lesnir efnislega, og tilheyrandi málfræði- og orðaforðaæfingar unnar. Á önninni verða tvö kaflapróf.

**Skáldsagan** – *To Kill A Mockingbird* verður lesin efnislega. Áhersla lögð á túlkun, umræður og ritun. Stutt verkefni og skyndipróf verða lögð fyrir nemendur á meðan á yfirferð stendur. Yfirferð lýkur með munnlegu prófi.

## Kennsluáætlun

Skipta má önninni í nokkrar lotur. Í byrjun annar verður áhersla lögð á *CAE Result* og verkefni sem bókinni fylgja. Í viku 6-8 verður skáldsagan *To Kill A Mockingbird* tekin fyrir og *CAE Result* lögð til hliðar á meðan. Í 9. viku lýkur umfjöllun um skáldsöguna með munnlegu prófi. Að loknu páskafríi verður farið í ljóðakynningar en önninni lýkur á vinnu með *CAE Result*.

### **Ljóðakynningar**

Nemendur vinna ljóðakynningar í þörum. Hvert par velur eitt ljóð úr lista sem kennarar setja saman. Nemendum ber að gera skilmerkilega grein fyrir ljóðinu, merkingu þess, söguna á bak við ljóðið og allt annað sem brýnt er að komi fram við bókmenntalega túlkun. Áætlaður tími fyrir hverja ljóðakynningu eru u.þ.b. 10 mínútur. Gerðar eru kröfur um skýra framsögn og vönduð vinnubrögð. Námsmat byggir á mati kennara annars vegar og jafningamati hins vegar. Kennari metur einnig þátttöku nemenda í umræðum um ljóðin á meðan kynningunni stendur og að henni lokinni. Munu kennarar verja nokkrum tíma til undirbúnings með nemendum og vera þeim innan handar.

### **Vikuáætlun:**

Vika 1-5, prófsýning og kynning á áfanga. *CAE Result*.

Vika 6-8, *To Kill A Mockingbird*.

Vika 9, munnleg próf úr *To Kill a Mockingbird*.

Vika 10-11, *CAE Result*.

Vika 12-13, Ljóðakynningar.

Vika 14-16, *CAE Result*.

### **Námsmat**

1. **Tvö kaflapróf** úr *CAE Result* gilda samtals 10%.
2. **Vinnueinkunn** úr *CAE Result* gildir 10%. Hér er átt við ritunarverkefni, gæði verkefnavinnu, almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, og þátttaka í umræðum. Góð ástundun (mæting) er forsenda góðrar vinnueinkunnar.
3. **Ljóðakynning** gildir 10%.
4. ***To Kill A Mockingbird***, munnlegt próf og verkefni gilda 20%.
5. **Skriflegt lokapróf** gildir 50% einkunnar.

**Öllum verkefnum sem gilda til einkunnar skal skila á tilsettum tíma.**

**Sé þeim skilað of seint lækkar einkunn. Ef nemandi er skráður veikur (skv. vottorði læknis) í þeim verkefnum/könnunum sem gilda 5% eða meira til einkunnar, tekur hann verkefnið í næsta enskutíma.**

**Til að ná áfanganum þarf nemandi að standa skil á öllum verkefnum annarinnar, sýna stundvísi og góða ástundun.**

**Nemandi þarf að fá 45 punkta af 100 hið minnsta á lokaprófi til að fá vinnu annarinnar metna.**

***Athugið að almennar reglur enskudeildar um skil á verkefnum má finna á vef MA og á moodle.***

Réttur til breytinga áskilinn.

*Good luck,*

*Ágústa, Ghasoub and Hildur*